

Ed.

287. Nefndarálit

[139. mál]

um frv. til laga um nýbyggingagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að frv. verði fellt. Í þessu sambandi viljum við benda á, að almennt óttast menn að atvinna við byggingarframkvæmdir í landinu muni fara mjög minnkandi á næstunni. Veldur slíku almennur fjárskortur og sívaxandi rekstrarerfiðleikar atvinnuveganna. Með slíkar aðstæður fyrir sjónum nær það engri átt, að af hálfu hins opinbera sé verið að stofna til nýrrar áður óþekktrar skattheimtu, sem vitað er að hefur þær einar afleiðingar að skerða stórlega atvinnumöguleika almennings.

Alþingi, 21. des. 1978.

Jón G. Sólnes,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.